

Umsögn Samtakanna'78, 12.maí 2012
140. löggjafarþing 2011-2012, 736. mál:
Réttarstaða einstaklinga með kynáttunarvanda (heildarlög)

Samtökin '78, félag hinsegin fólks á Íslandi lýsa yfir eindregnum stuðningi við frumvarp velferðarráðherra um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda. Þegar staða hinsegin fólks á Íslandi er skoðuð þá kemur í ljós að við stöndum einna fremst í heiminum í málefnum samkynhneigðra en ef réttarstaða transgender fólks er tekin inn í myndina þá er staðan langt í frá jafn glæsileg og Ísland fellur úr efstu sætunum yfir þau lönd sem best hlúa að hinsegin fólki. Íslensk stjórnvöld hafa gefið út þau skilaboð að þau láti sig mannréttindi hinsegin fólks varða jafnt heima sem erlendis og hér gefst gullið tækifæri til þess að stíga skref til bættra mannréttinda einstaklinga með kynáttunarvanda. Lagasetningin hefði gríðarlega mikla þýðingu fyrir transgender einstaklinga, daglegt líf þeirra, sjálfsmynd og sálarlíf því það má vera alveg ljóst að þetta er ekki eitthvað sem fólk gerir að gamni sínu.

Eins og nefndin um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda bendir á er í kjölfarið nauðsynlegt að breyta hegningarlögum með tilliti til kynvitundar og gæta þess að ekki sé hægt að mismuna fólki sökum kynáttunarvanda eða ráðast að því með opinberum ærumeiðingum. Þá er einnig vert að athuga hvort ekki sé hægt að auðvelda transfólki nafnabreytingar í þjóðskrá en samkvæmt frumvarpinu þarf transfólk að hafa lifað í gagnstæðu kynhlutverki í amk 1 ár til þess að mega breyta nafni í þjóðskrá. Á þessum tíma gengur fólk almennt undir tveimur nöfnum – sínu nýja nafni gagnstæðs kyns og svo gamla eiginnafninu sem er í öllum opinberum gögnum. Þetta kallar á allskonar misskilning, vandræði og jafnvel ásakanir um að fólk sé að villa á sér heimildir og getur þar af leiðandi valdið transmanneskjunni margskonar sálarangist.

Við hvetjum stjórnvöld til þess að ganga eins langt og best þekkist í þessum málefnum og taka skýra og afdráttarlausu afstöðu með mannréttindum transfólks og rétti þeirra til að lifa með sömu mannlegu reisn og aðrir þegnar þessa lands.

Að lokum minnum við á tillögu Samtakanna '78 um að bæta orðinu kynvitund inn í upptalningu á mismununarbreytum í 6.grein, jafnræðisreglunnar í tillögu Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Nú þegar er lagt til að bæta við kynhneigð og er það vel en að bæta orðinu kynvitund inni í upptalninguna myndi hafa mikla þýðingu til verndar transfólki sem á mun meira undir högg að sækja heldur en sam- og tvíkynhneigðir.

(Sjá umsögn S78 um 3.mál – 140. löggjafarþingi, A tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá).

Fyrir hönd stjórnar Samtakanna '78

Guðmundur Helgason, formaður